

Fornleifarannsóknir á tóft á Bangastöðum og garðlagi í Valadal á Tjörnesi 2002



Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir
og Ragnar Edvardsson



Fornleifastofnun Íslands
FS201-0211
Reykjavík 2003

Forsíðumynd er af tóft í Engidal (NP-007:024), horft til norðausturs

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Fornleifarannsóknir 2002.....	5
2.1 Tóft í Engidal.....	6
2.2 Landamerkjagarður í Valadal.....	9
3. Gjóskulagagreining – Magnús Á. Sigurgeirsson.....	12
3.1 Gjóskulög á Tjörnesi	12
3.2 Niðurstaða og ályktanir	12
Heimildaskrá.....	14

1. Inngangur

Á undanförunum arum hefur verið unnið að því að leggja bundið slitlag á *Norðausturvegi 85* um Tjörnes. Í tengslum við þessa vegagerð var gerð úttekt á fornleifum á svæðinu sumarið 1999. Fornleifaskráninguna gerði Oddgeir Hansson og við hana komu í ljós nokkrar fornleifar sem fyrirsjáanlegt var að gætu raskast við lagningu nýs vegar.¹ Í framhaldi af því fór Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur á staðinn að ósk Vegagerðarinnar vorið 2000. Hann gróf snið í sjö garða og tvær litlar tóftir nálægt fyrirhuguðu vegarstæði. Að auki fór fram ítarlegri rannsókn á minjum í Breiðuvík og kom í ljós að þær voru frá 10. öld.² Í framhaldi af þessari merku uppgötvun var ákveðið að færa vegstæðið á þessum stað til að hlífa minjunum sem enn hafa ekki verið rannsakaðar til fullnustu.

Árið 2003 eru fyrirhugaðar endurbætur á um 12 km kafla milli Breiðuvíkur og Bangastaða. Fyrirséð er þessi áfangi muni skemma tvær fornleifar á svæðinu. Um er að ræða einfalda tóft í Engidal í Bangastaðalandi (NP-007:024) og landamerkjagarð í Valadal (SP-296:009), á merkjum Mánár og Valadals.

¹ Oddgeir Hansson 1999.

² Guðmundur Ólafsson 2000, 17-32




Eftir úrskurði minjavarðar Norðurlands eystra fól Vegagerðin á Akureyri Fornleifastofnun Íslands að gera fornleifarannsókn á báðum stöðum sem fyrrsjáanlegt er að verði huldur að hluta eða öllu leyti við fyrirhugaðar vegaframkvæmdir. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að safna upplýsingum um aldur og gerð mannvirkjaleifanna áður en þær hverfa eða eyðileggjast. Hluti tóftarinnar var grafinn upp og snið tekið í garðinn. Fornleifauppgröftur stóð yfir dagana 26.–30. ágúst og unnu Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir við uppgröftinn undir stjórn Ragnars Edvardssonar fornleifafræðings.

2. Fornleifarannsóknir 2002

Ákveðið var að grafa upp hluta tóftarinnar en skurð í gegnum landamerkjagarðinn. Upphaflega lagði minjavörður til að teknir yrðu tveir skurðir í garðinn en eftir frekari vettvangsathugun var að hans undirlagi ákveðið að taka einn skurð í garðinn, skammt norðan við þjóðveg. Sá skurður leiddi í ljós með óyggjandi hætti aldur og gerð garðsins og var því ekki talin ástæða til að taka fleiri skurði í hann.

2.1 Tóft í Engidal

Engar heimildir eru þekktar um tóftina í Engidal ($66^{\circ}10.737$ N $16^{\circ}59'499$ V) sem fannst við fornleifaskráningu 1999. Tóftin er í grösugri lægð suðvestan þjóðveggar en vestan við aflanga kletthæð. Hún er hlaðin úr torfi og einföld að lögun en norðurveggur hennar var ógreinilegur á yfirborði. Staðnum er lýst á eftirfarandi hátt í fornleifaskrá: „Um 30 m austan við Engidalsstekk 023 er tóft. Þýfður grasmói. Tóftin er um 6x5 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,6 m. Þykkt veggja er um 0,5 m.“³




Teikning af rústinni. Veggir á yfirborði eru sýndir með svörtum lit en uppgráfnir veggir með gráum.

Á vettvangi var byrjað var á að mæla upp tóftina sem snýr norður-suður. Reyndist hún mest um 4,10 m á breidd (suðurhlið) en 3,2 m á lengd (austurhlið). Þess er rétt að geta að ekki var hægt að greina fulla lengd tóftarinnar á yfirborði þar sem hún fjaraði út til norðurs og við tók ógreinilegur þúfnakragi. Aðalgeir Egilsson bóndi á Mánárbakka segir að jarðvegi hafi á sínum tíma verið ýtt upp í veginn neðan úr Engidalnum og líklegt að tóftin hafi látið á sjá við það umrót. Við uppgröft kom í ljós að raunveruleg lengd tóftarinnar hefur verið svipuð og breidd eða um 4,3 m. Eftir mælingunum var gerð teikning af þeim vegggleðslum sem greinilegar voru á yfirborði.

Í upphafi var opnaður skurður sem var 5,2 m að lengd en 0,7 á breidd eftir tóftinni endilangri (norður-suður). Síðar var opnað svæði til austurs frá syðsta hluta

³ Oddgeir Hansson 1999, 15.

skurðarins og náði það yfir suðausturhorn byggingarinnar. Samtals var grafið upp 7,5 m² stórt svæði.



Snið (norður-suður) í tóft í Engidal. Vesturhlið

Skurður, skýringar:

- 001 grasrót
- 002 torfhrun
- 003 torfhrun utan tóftar
- 004 ljóst kísillag hreyft og blandað saman við óhreyft lag fyrir neðan [008]
- 005 torfveggur
- 006 dökkbrún fokmold
- 007 gjóskulag frá 1477 (“a”-lag)
- 008 óhreyft dökkbrúnt lag
- 009 óhreyft kísillag

Við uppgröftinn kom strax í ljós undir grasrót [001] suður- og norðurveggur [005] tóftarinnar. Ekkert gjóskulag var yfir veggjunum sem eingöngu voru hlaðnir úr torfi. Suðurveggurinn var nokkuð stæðilegur, 50 sm á hæð en um 65 sm á breidd. Norðurveggurinn, sem ekki var greinilegur á yfirborði, var nokkuð lægri eða um 25 cm á hæð en jafnframt breiðari, 85 sm á breidd. Veggurinn var hlaðinn með strengjahleðslu og í torfhleðslunum mátti sjá slitur nokkurra gjóskulaga s.s. frá Heklu-3, H-1300 og V-1477. Veggirnir voru talsvert hrundir og náði torfhrun [002] inni í tóftinni veggja á milli. Það var þykkast næst veggjum en þynnst í miðju tóftarinnar. Utan við tóftina var einnig töluvert torfhrun [003].

Eftir að torfhrunið hafði verið fjarlæggt innan úr tóftinni kom í ljós þykkt, ljósflekkótt og fitugt lag [004]. Lagið var laust í sér og augljóslega ekki yfirborðslag í venjulegum skilningi þessa orðs. Það er þó það sem næst komst að teljast yfirborðslag tóftarinnar. Inn í tóftinni, fast við veggina, mátti greinilega sjá hvar stungið hafði verið niður með veggjunum og mokað út úr tóftinni. Stungið hefur verið í gegnum

uppsafnað lag af fokmold [006] sem var undir veggjum tóftarinnar og utan hennar, í gegnum gjóskulag frá 1477 [007] og í gegnum hluta af náttúrulegu kísillagi [009]. Öll þessi lög voru óhreyfð undir veggjum tóftarinnar og héldu áfram til norðurs utan (norðan) við norðurvegg. Utan við (sunnan) við suðurvegg hafði hins vegar einnig verið stungið niður með veggnum utanverðum og niður á kísillagið [009]. Hluti kísillagsins hafði verið stunginn út úr tóftinni en sá hluti sem hefur verið skilinn eftir hefur blandast annars óhreyfðu lagi fyrir neðan [008], líklega af völdum traðks skepna eða manna.

Blandaða lagið inn í tóftinni [004] var þykkt eða mest um 22 sm. Neðan við það var komið niður á óhreyft, dökkbrúnt, náttúrulegt lag með nokkru af smágerðum viðarleifum í, líklega kjarri eða mýrargróðri.

Niðurstöður

Fornleifauppgröftur á tóftinni í Engidal sýnir að rústin hefur einungis haft aðeins eitt byggingarstig. Hún hefur verið byggð eftir að hið svokallaða a-lag (1477) fellur og því er hún yngri en það. Ekkert gjóskulag sást yfir tóftinni og því ekki



Suðausturhorn tóftarinnar eftir að uppgrefti lauk, horft til NV

unnt að skera úr um yngri mörk tóftarinnar. Jarðvegsþykknun ofan á tóftinni áður en a-lagið fellur bendir þó til þess að tóftin sé frá 16.-17. öld fremur en síðar. Engin merki fundust um þak eða innviði neinskonar og ekki líklegt að þak hafi nokkru sinni verið á tóftinni. Aðeins var eitt, þykkt “gólflag” innan tóftarinnar en það var mjúkt, úttraðkað og blandað. Engar leifar mannvistarlaga fundust innan veggja sem sýndu með óyggjandi hætti til hvers mannvirkið hefur verið notað. Ekki fundust leifar heys í gólflögum og því ekki líklegt að tóftin hafi verið heygarður þó að staðsetning og gerð styðji að að öðru leyti

ágætlega þá kenningu. Helst er að giska á að tóftin hafi verið einhvers konar fjárskýli eða fjárrétt og þá e.t.v. í tengslum við Engidalstekk sem er um 30 m vestar.


2.2 Landamerkjagarður í Valadal

Garðurinn er á merkjum milli Valadals og Mánar. Hann er eingöngu greinilegur norðan þjóðvegjar. Landamerkjagarðurinn var skoðaður við fornleifaskráningu á Tjörnesi sumarið 1999. Í skýrslu segir:

Að austanverðu á mótí Máná er á merkjum garður, sem heitir Merkjagarður. Hann liggur upp mýrina og að Máná, sem síðar er á merkjum mótí Máná [tilvísun í örnefnalýsingu Valadals].” Landamerkjagirðingin liggur ofan á garðinum, meðfram heimatúninu að austanverðu. Mýrlendi að mestu en þó tekur við örfoka melur er komið er suður fyrir bæ. Landamerkjagirðingin er um 1700 m löng frá sjó að Máná. Liggur hún fyrst til suðurs frá sjónum en sveigir síðan til austurs rétt sunnan við Voladalsbæinn. Fyrstu 750 metrana er vírgirðing ofan á garðinum en eftir það hverfur garðurinn alveg sem gæti orsakast af því að eftir þessa 750 m liggja merkin yfir uppblásinn mel annars vegar og hins vegar yfir mýri. Garðurinn gæti því verið fokinn burt á kafla eða sokkinn í mýri. Einnig kemur til greina að garðurinn hafi einfaldlega aldrei náð lengra.⁴

Þegar garðurinn var skoðaður á ný í tengslum við rannsóknina 2002 kom fljótlega í ljós að það sem hér var lýst er ekki eiginleg hleðsla heldur uppmokstur úr skurði og er núverandi landamerkjagirðing á honum. Gamli merkjagarðurinn sést hins vegar ágætlega 3-4 m vestan við girðinguna. Næst veginum er hann nánast útflattur og hefur sýnilega verið raskað við vegagerð á árum áður. 10-15 m norðan við veginn er hann vel greinilegur og má rekja hann með góðu mótí a.m.k. 100 m til norðurs. Garðurinn er siginn og fornlegur að sjá, vaxinn lyngi og mosa. Hann er allt að 2-3 m breiður en rís víðast hvar ekki nema 0,5 m yfir yfirborð.

⁴ Oddgeir Hansson 1999, 36



Skurður, 3,85 m langur og tæplega 1 m breiður, var grafinn þvert í gegnum garðinn þar sem hann verður fyrst greinilegur norðan vegarins. Staðsetning skurðsins er 66°19.835N og 17°11.867V. Jarðlagaskipan var mjög greinileg í austurhluta sniðsins en vesturhlutinn var óljósari. Þar hefur garðurinn greinilega gengið til og jarðlög raskast, líklega vegna rofs, hruns og áfoks. Því er sú leið farin hér að lýsa fyrst austurhluta sniðsins. Um 15 sm undir yfirborði var komið niður á svonefnt „a

- | | |
|---|--|
| 1) Grasrót. | 9) Dökkbrún mold sem inniheldur slitrur úr landnámslagi (~870 e.Kr). |
| 2) A-lagið (1477). | 10) Ljósleit mold. |
| 3) Brúnleitt moldarlag, áfok. | 11) H3, forsögulegt gjóskulag. |
| 4) Grátt gjóskulag, 1300-lagið. | 12) Gráhvítt lag, líklega kísill. |
| 5) Torfhleðsla. 5a er litríkt en 5b og 5c einsleit. | 13) Brún, forsöguleg mold. |
| 6) Ljósbrún, náttúruleg mold. | 14) Dökkbrún, einsleit mold, áfok. |
| 7) Ljóst lag, líklega kísill. | 15) Rauðbrún, einsleit mold, áfok. |
| 8) Ljósbrún, náttúruleg mold. | 16) Ljós, grábrún mold, e.t.v. þúfa. |

lag“ frá 1477 (2). Það liggur greinilega yfir sjálfri garðhleðslunni. Undir „a-laginu“ var brúnleitt moldarlag, líklega áfok (3) en neðan þess var annað gjóskulag, 1300-lagið (4). Það liggur þétt ofan á garðinum sem er eingöngu hlaðinn úr torfi. Torfið skiptist síðan greinilega í þrjá hluta, líklega einn fyrir hvert byggingarstig. Efsti hluti torfsins (5a) er úr mjög lagskiptu og litfögru torfi sem inniheldur m.a. ljóst, forsögulegt gjóskulag, H3, og mjög dökka mold sem inniheldur slitrur úr landnámslaginu. Neðri hlutar torfhleðslunnar (5b og 5c) eru hins vegar úr ljósbrúnu og einsleitu torfi. Ekki sjást gjóskulög þar. Undir hleðslunum öllum eru forsöguleg jarðlög, fyrst gulleitt og þykkt gjóskulag (11), H3, og undir því leirkennt kísillag (12).

Eins og áður sagði er vesturbrún garðsins öll óljósari í sniði, líklega hefur efni úr garðinum blásið burt en síðan hefur rofið fyllst upp að nýju af moldarlögum og tilfoknum gjóskulögum. Þá er ekki útilokað að efni hafi verið mokað þaðan upp í garðinn á einhverju stigi.

Niðurstaða: Landamerkjagarðurinn er hlaðinn úr þrenns konar torfi og gæti það bent til að honum hafi verið haldið við eða gert hafi verið við hann. Gjóskulög í torfinu staðfesta það samt ekki og allt eins líklegt að torfið hafi einfaldlega ekki allt verið tekið á sama stað. Garðurinn hefur greinilega verið hlaðinn eftir að landnámsgjóska féll en hætt hefur verið að halda honum við fyrir 1300.

3. Gjóskulagagreining – Magnús Á. Sigurgeirsson

Gjóskulög voru könnuð á tveimur stöðum á Tjörnesi þann 29. ágúst 2002. Annars vegar var skoðað snið í túngarð skammt vestan við Mánárbakka og hins vegar snið í lítilli rúst í Engidal á austanverðu Tjörnesi.

3.1 Gjóskulög á Tjörnesi

Við greiningu gjóskulaganna var stuðst við fyrri gjóskulagarannsóknir á Tjörnesi og nágrenni. Gjóskulög voru könnuð í tengslum við fornleifarannsóknir á Tjörnesi sumarið 2000 (Magnús Á. Sigurgeirsson 2000). Ennfremur koma að góðu gagni gjóskulagaathuganir frá Mývatnssveit og Brúardölum (Guðrún Larsen 1982, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998). Helstu gjóskulög sem fundist hafa á Tjörnesi eru eftirfarandi:


- 1) **V-1717.** Hefur útbreiðslu um allt NA-land.
- 2) **V-1477 (a-lag).** Þykkasta gjóskulag frá sögulegum tíma á N- og NA-landi.
- 3) **V-1410.** Grófkorna gjóskulag, stutt neðan a-lagsins.
- 4) **H-1300.** Eitt mikilvægasta leiðarlag á N-landi. Fremur auðgreint.
- 5) **K-1262.** Finnst einungis þar sem varðveisluskilyrði eru góð.
- 6) **H-1158.** Mikilvægasta leiðarlag á NA-landi.
- 7) **H-1104 ?** Mikilvægt leiðarlag á N-landi. Innan við 1 mm þykkt á Tjörnesi.
- 8) **Landnámslag** (frá ~870 e.Kr.). Á Norðurlandi fylgja Landnámslaginu jafnan 3-4 dökk gjóskulög og mynda þessi lög til samans svonefnda Landnámsyrpu (LNS). Landnámsyrpan situr yfirleitt í áberandi dökku moldarlagi sem auðveldar mjög greiningu í jarðvegssniðum. Á Norðurlandi er yngsta gjóskulagið í LNS frá því um miðja 10. öld (Magnús Á. Sigurgeirsson 2002).

3.2 Niðurstaða og ályktanir

Niðurstaða gjóskulagagreiningar er sýnd á mynd 1.

Túngarður við Mánárbakka: Gjóskulögin V-1477 og H-1300 liggja yfir garðinn. Einnig liggur ljóst slitrótt lag yfir hrun úr garðinum sem við fyrstu sýn gæti virst vera gjóskulag. Smásjárskoðun leiðir hins vegar í ljós að lagið er mjög ríkt af kísilþörungum sem vafalítið er ástæðan fyrir ljósa litnum (sýni 4 á mynd 1). Torf í garðinum inniheldur slitrur úr gjóskulögunum Heklu-3 og LNS. Einnig er í torfinu hvítt kísilgúrlag. Gjóskulögin benda því til að garðurinn hafi verið byggður á 10.-13. öld. Í sniðinu sést glögglega að garðurinn hefur hrunið til vesturs. Hefur það gerst að mestu eftir 1477 en a-lagið hefur sjáanlega lent undir hruninu vestan megin garðsins. Greinileg merki eru um jarðvegsrof í móanum vestan garðsins, upp að garðinum, sem sennilega hefur ráðið mestu um hrun hans til vesturs.

Rúst í Engidal: Um fimm sentimetra bil er frá V-1477 upp í torf rústarinnar sem segir að hún sé verulega yngri en gjóskulagið. Í torfinu eru slitrur af gjóskulögunum Hekla-3, H-1300 og V-1477. Torf nær upp undir grasrót. Fullyrða má að byggingin sé frá því eftir 1500. Út frá jarðvegsþykkt ofan á rústinni að dæma má leiða að því líkum að hún sé frá 17. öld eða síðar.



Mynd 1. Snið frá Mánárbakka og Engidal á Tjörnesi

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson 2001: Forn jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi. Rannsóknir vegna vegagerðar. Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafns.

Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.

Magnús Á Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. Archaeologia Islandica 1, s. 110-118.

Magnús Á Sigurgeirsson 2000: Gjóskulagagreining. Viðauki í: Guðmundur Ólafsson. Forn jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi. Rannsóknir vegna vegagerðar. Þjóðminjasafn Íslands, Rannsóknaskýrslur 7, s. 33-35.

Magnús Á Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002: Gjóskulagarannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar. Vorráðstefna 2002. Ágrip erinda og veggsþjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.

Oddgeir Hansson. 1999. *Meningarminjar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði við Tjörnesveg*. Fjölrit, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.